



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 22/2015

## Upplýsingar um þjónustuveitanda á vefsíðunni bilabankinn.is

### I.

#### Málsmeðferð

##### 1.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 19. september 2014, gerði stofnunin grein fyrir því að hún hafi gert könnun á því hvort verðskrá yfir þjónustuliði og upplýsingar um þjónustuveitanda kæmu fram á vefsíðum sem selja notaða bíla. Í bréfi stofnunarinnar til Bílabankans voru gerðar athugasemdir við að á vefsíðuna bilabankinn.is skorti verðupplýsingar um sölubóknun auk þess sem upplýsingar skorti um leyfi og eftirlitsaðila, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Ekkert svar barst.

##### 2.

Í bréfi Neytendastofu, dags. 20. október 2014, kom fram að viðeigandi lagfæringar hafi verið gerðar á vefsíðunni hvað verðmerkingar varði en enn voru gerðar athugasemdir vegna upplýsinga um þjónustuveitanda.

Ekkert svar barst.

##### 3.

Lokaítrekun var send Bílabankanum með bréfi Neytendastofu, dags. 14. janúar 2015.

Svar barst stofnuninni með bréfi, dags. 26. janúar 2015, þar sem óskað var frests til 15. febrúar n.k. til þess að ganga frá nauðsynlegum lagfæringum á síðunni.

##### 4.

Þann 4. maí 2015 óskaði Neytendastofa frekari skýringa á því að enn hafi umræddar umbætur ekki verið gerðar á vefsíðunni.



Ekkert svar barst og við skoðun Neytendastofu á vefsíðunni hinn 28. ágúst 2015 mátti ekki sjá að viðeigandi lagfæringar hafi verið gerðar á síðunni.

## II. Niðurstaða

### 1.

Í máli þessu hefur Bílabankinn ehf., ekki orðið við kröfum Neytendastofu um að viðunandi lagfærilegar séu gerðar á upplýsingum um þjónustuveitanda þar sem upplýsingar skortir um leyfi og eftirlitsaðila, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002 skal þjónustuveitandi veita greiðan og samfelldan aðgang að eftirfarandi upplýsingum um sig:

- „1. nafni,*
- 2. heimilisfangi þar sem hann hefur staðfestu,*
- 3. kennitölu,*
- 4. póstfangi, netfangi og öðrum þeim upplýsingum sem gera mögulegt að hafa samband við hann á greiðan hátt,*
- 5. virðisaukaskattsnúmeri þjónustuveitanda,*
- 6. þeirri opinberu skrá sem hann er skráður hjá, svo sem hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá eða firmaskrá, og*
- 7. leyfi og eftirlitsaðila ef starfsemi hans er háð leyfum.“*

Sala notaðra bifreiða er háð leyfi sýslumanns samkvæmt 12. gr. laga nr. 28/1998, um verslunaratvinnu og því ber Bílabankanum að veita viðeigandi upplýsingar um leyfi og eftirlitsaðila samkvæmt ofangreindum 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002.

Þrátt fyrir ítrekuð bréf Neytendastofu hafa ekki verið gerðar lagfæringar á síðunni.

### 2.

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 30/2002 er Neytendastofu falið eftirlit með að farið sé að ákvæðum 6.-7. gr. og 9.-11. gr. laganna. Sé brotið gegn nefndum ákvæðum gilda ákvæði laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, um úrræði Neytendastofu, stjórnvaldssektir og málsmeðferð.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 beinir Neytendastofa þeim fyrirmælum til Bílabankans að koma upplýsingum um þjónustuveitanda á vefsíðu sinni í rétt horf innan tveggja vikna frá dagsetningu þessa bréfs. Verði það ekki gert skal Bílabankinn greiða dagsektir í samræmi við 23. gr. laga nr. 57/2005 að fjárhæð 20.000 kr. (tuttugþúsundkrónur)



á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu. Sektarfjárhæðin er ákveðin með mið af meðalhófsreglu stjórnisýslulaga, umfangs brotsins og fjárhæðum dagsekta í öðrum ákvörðunum Neytendastofu.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Bílabankinn ehf., Eirhöfða 11, Reykjavík, hafa með því að veita ekki upplýsingar um leyfi og eftirlitsaðila á vefsíðunni bilabankinn.is brotið gegn ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.**

**Bílabankinn ehf., skulu innan tveggja vikna frá dagsetningu þessarar ákvörðunar gera viðeigandi úrbætur á vefsíðunni. Verði það ekki gert innan tilskilins tíma skal félagið greiða dagsektir að fjárhæð 20.000 kr. (tuttugþúsundkrónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu.“**

Neytendastofa, 31. ágúst 2015

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir